

án styrks þess, er hann nýtur af opinberu fje, þá getur eigi komið til mála, að telja skólann til arðsamra stofnana eða fyrirtækja, er lagt verði á aukaútsvar til sveitar samkvæmt lögum nr. 12, 9. ágúst 1889. Það verður því að fallast á það, að fúgetinn með hinum áfrýjanda úrskurði neitaði að taka lögtaki útsvar það, er hjer um ræðir, og ber því að staðfesta greindan úrskurð. Eptir atvikum þykir rjett, að áfrýjandinn greiði stefndu sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., og er þar í innifalið málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns hennar, er ákveðst 12 kr. fyrir yfirdómi. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eigi dæmd nein málsfærslulaun eptir úrslitum málsins.

Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdómi hefur af hendi beggja hinna skipuðu málflutningsmanna málsaðilanna verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi fúgetaúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Vindhælishrepps, greiði stefndu, forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey, sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., þar með talið málsfærslukaup tii hins skipaða talsmanns stefndu fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 12 krónur, og lúkist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 42/1893:

Anna Þorsteinsdóttir
 gegn
 Kristni Ólafssyni.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. ágúst f. á., var stefndi Kristinn Ólafsson dæmdur til að greiða áfrýjanda Önnu Þorsteinsdóttur 433 kr. 5 auru með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 10 kr. í málskostnað. Áfrýjandinn hefur skotið málinu til yfirdómsins, til staðfestingar, og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafist, að verða sýknaður og að áfrýjandi verði dæmd til að borga málskostnað fyrir yfirdómi.

Með því að stefndi hefur eigi gagnáfrýjað málinu, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfesting hins áfrýjanda dóms til greina, svo og kröfu hennar um málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Hinn stefndi, Kristinn Ólafsson, greiði áfrýjanda, Önnu Þorsteinsdóttur, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.